

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 60. stjórnarfundar 9. apríl, 2025 kl. 10:00 – 12:00.

Mætt voru: Örn Viðar Skúlason, Óskar Józefsson, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerðir

Fundargerðir 58 og 59. samþykktar.

2. Afgreiðsla umsókna

Framkvæmdastjóri lagði fyrir stjórn að taka ákvörðun um afgreiðslu einnar umsóknar. Um var að ræða umsókn þar sem óskað er eftir undanþágu frá skilyrði um lögheimili í eign. Eftir skoðun á skýringum umsækjanda komst stjórn að þeirri niðurstöðu að ekki væru skilyrði til að kaupa eignina. Ákveðið að boða umsækjanda höfnun á umsókn.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu tölur í starfseminni. Þinglýstir samningar eru orðnir 943 og móttæknar eignir 900. Frágengin afsöl eru 891. Engar umsóknir hafa borist frá síðasta fundi. Umsóknarfrestur um sölu rann út 30. mars sl. en fyrir Alþingi liggur lagafrumvarp þar sem lagt er til að umsóknarfrestur verði framlengdur um þrjú mánuði. Félagið hefur gert 93 hollvinasamninga við fyrri eigendur og 110 umsóknir hafa borist um gerð þannig samninga.

4. Erindi til fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Á fundinum var samþykkt að senda ráðuneytinu bréf þar sem reifuð er staða félagsins m.t.t. laga um húsaleigu o.fl.

5. Virðismat eignasafns félagsins.

Framkvæmdastjóri lagði fram til skoðunar og umræðu drög að virðismati sem unnið var af sérfræðingum Deloitte.

6. Hollvinasamningar og gisting

Stjórn ræddi framkomna gagnrýni á ákvæði í hollvinasamningum við fyrri eigendur sem kveður á um að óheimilt sé að dvelja í eignum yfir nótt. Félagið hefur til skoðunar að gera breytingar á samningunum í þá veru að gisting verði heimil í afmarkaðan tíma yfir sumarið þ.e. ef aðstæður leyfa. Breytingar á hollvinasamningum að þessu leyti munu þó kalla á samráð við almannavarnir.

7. Skoðanakönnun

Framkvæmdastjóri lagði fram, til upplýsinga og umræðu, niðurstöður skoðanakönnunar sem félagið lét gera meðal þeirra sem hafa selt félaginu íbúðarhúsnæði. Á heildina litið er helmingur þátttakenda ánægður sem reynslu af félaginu, einn fjórði er hlutlaus og einn fjórði óánægður.

8. Önnur mál

Ákveðið að hafa næsta fund 30. apríl 13:00-15:00.

Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl. 12:00

Guðrún Þorleifsd.

Óskar Józefsson

Örn Viðar